

um millipinganevnd í skattamálum.

Flm.: Jón Skaftason, Einar Ágústsson, Ólafur Jóhannesson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna millipinganevnd í skattamálum, sem semji frumvarp að heildarskattalöggjöf. Við samningu þessa frumvarps verði m. a. höfð þessi megináskorun:

- a. Að tekju- og eignarskattur og útsvör verði sameinuð og lögð á í einu lagi og renni í sameiginlegan sjóð ríkisins og sveitarfélaganna.
- b. Að settar verði reglur um skiptingu tekjuskatts og eignarskatts þessa á milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar, enn fremur reglur um skiptingu á hluta sveitarfélaganna.
- c. Að opinber gjöld fari aldrei fram yfir sanngjarnt hámark af hreinum tekjum gjaldanda.
- d. Að veltuútsvar verði fellt niður.
- e. Að skattstigi verði lögboðinn.
- f. Að ríkisskattanevnd verði breytt í stjórnarvaldastól í skattamálum.
- g. Að þyngd verði viðurlög við skattsvikum.
- h. Að innheimta skatta verði færð á eina hönd.
- i. Að skattar verði innheimtir með tímabilsgreiðslum.

Greinargerð.

Tillaga þessa efnis var borin fram á síðasta þingi, en náði þá ekki samþykki. Skattamál ríkisins og sveitarfélaganna eru yfirgripsmikil og vandmeðfarin. Sá háttur hefur tíðkapt hér á landi, að beinir skattar til ríkisins, t. d. tekju- og eignarskattur, eru á lagðir af skattstjórum og skattanevndum og innheimtir af bæjarfógetum og sýslumönnum. Útsvörin, sem eru aðaltekjustofn sveitarfélaganna, eru á lögð af niðurráðgjafarnevndum og hreppsnefndum, en innheimt á skrifstofum hinna ýmsu sveitarfélaga. Þessi skipting beinu skattanna og hið tvöfalda álagningar- og innheimtukerfi, sem henni fylgir, er óeðlilegt, þungt í vöfum, dýrt í framkvæmd og bindur vinnuafli að óþörfu, sem mikil þörf er fyrir í framleiðsluatvinnuvegunum. Viða erlendis er húið að afnema þetta tvöfalda álagningar- og innheimtukerfi, og þykir hin nýja skipan og sameining skattanna hafa ótvíræða kosti umfram eldra skipulagið.

Það sjónarmið í skattamálum, að gjaldendur greiði sömu skatta af sömu tekjum og eignum án tillits til búsetu, er lýðræðislegast, sanngjarnast og veldur minnstum deilum. Sú skipan, sem hér hefur verið og er á þessum málum, þverbrýtur þessa meginreglu, þegnum er stórlega mismunandi eftir því, hvar þeir eiga búsetu, eins og sýnt mun fram á í framsögu.

Um réttláta skiptingu tekju- og eignarskatts þessa milli ríkissjóðs og sveitarfélaganna er ekkert hægt að fullyrða að sinni. Þar kemur svo margt til greina, og yrði það verkefni væntanlegrar millipinganevndar að gera tillögur um hana. Hins vegar telja flutningsmenn þingsályktunartillögu þessarar eðlilegt, að hluta sveitarfélaganna af skatti þessum verði skipt þeirra í milli eftir sömu reglum og hluta sveitarfélaganna af söluskatti er nú skipt.

Þá þykir sjálfsagt, að í lög verði tekin ákvæði, er tryggi, að aldrei verði hægt að krefja gjaldanda um hærri opinber gjöld hverju sinni en hreinum tekjum nemi, eins og nú er hægt að gera, enda verði skattaeftirlit skerpt frá því, sem nú er, og viðurlög við skattsvikum þyngd.

Veltuútsvörin, eins og þau eru hér tíðkuð, munu vera íslenzkt fyrirbæri, sem enga hliðstæðu á erlendis. Rökstuðningurinn fyrir þeim er sá hjá mörgum, að þau séu nauðsynleg nauðvörn sveitarfélaganna gegn undandrætti tekna í atvinnurekstrinum. Sé slíkt rétt, þá hljóta veltuútsvörin að verka sem viðbótarskattur á alla þá mörgu aðila í atvinnurekstri, sem telja rétt og heiðarlega fram. Auk þess má benda á, að skattyfirvöld hafa heimild til að áætla tekjur og eignir hjá þeim gjaldendum, sem skila tortryggilegum framtölum.

Sjálfsagt er að lögbjóða skattstiga og lögfesta sérstakar lækkunarástæður, svo að ljóst liggi fyrir almenningi, hvernig skattar hans séu ákveðnir.

Það væri auðvelt að benda á marga aðra ágalla núgildandi fyrirkomulags í skattamálum sveitarfélaganna og ríkisins og ótvíræða kosti þess skipulags, sem hér er lagt til að upp verði tekið, en það verður látið bíða og að því vikið í framsöguræðu.